

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi í landi Norðurkots, svæði 1.*
Í breytingunni felst að lega lóðanna Austurheiðarvegur nr. 2 og 4 breytist og verður Austurheiðarvegur 2 og Kolgrafarhólsvegur 8. Stærðir haldast óbreyttar.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. janúar 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi Sólheima, íbúðar- og athafnasvæði.*
Í breytingunni felst að íbúðarhúsalóðum á svæði norðan Upphæða fjölgar, gert er ráð fyrir nýju menningarhúsi og fyrirkomulag vega breytist. Einnig er gert ráð fyrir að fyrirkomulag athafnasvæðis austan Sólheimavegar breytist.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. mars 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2013